

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 86. fundur haldinn 14. mars 2011 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Valtýr Valtýsson, Sigurgeir Skúlason og Gunnar Bollason í forföllum Kristínar Huldar Sigurðardóttur og ritaði hann fundargerð.

**Gestir fundarins:** Lárus Ögmundsson og Linda Sigurðardóttir frá Ríkisendurskoðun. Magnhildur Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Dögg Geirsdóttir frá Biskupsstofu.

### 1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00. Fundargerð síðasta fundar lögð fram. Samþykkt að fresta afgreiðslu hennar til næsta fundar.

### 2. Ársreikningar kirkjugarða

Fulltrúar frá Ríkisendurskoðun, þau Lárus Ögmundsson og Linda Sigurðardóttir ásamt Magnhildi Sigurbjörnsdóttir á Biskupsstofu, kynntu.

Ársreikningar berast Biskupsstofu í þrítí og eru sendir Ríkisendurskoðun. Ekki hafa borist ársreikningar frá 22 kirkjugörðum. Rætt var um hvernig hvetja mætti til betri skila ársreikninga. Mögulegt er að setja inn á gardur.is eyðublað þar sem framlag ríkisins kemur fram. Þá væri auðvelt fyrir KGSÍ að sjá hverjir hafa skilað ársreikningum og hverjir ekki. Rætt var um hvort halda mætti eftir greiðslum til þeirra sem ekki skila ársreikningum. Fundurinn varð sammála um að varlega bæri að fara út í slíkt nema að til þess lægi skýr lagaheimild. Umræða spannst um hvort enn væri eitthvað um að kirkjugarðar væru að ráðstafa fé sínu til kirkna, en það er þó talið fara minnkandi. Lárus og Linda fóru af fundinum kl. 13:47.

### 3. Uppgjör Kirkjugarðasjóðs vegna ársins 2010 og greiðsluáætlun fyrir 2011.

Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri kynnti.

Uppgjör fyrir árið 2010 er mjög í samræmi við greiðsluáætlun fyrir árið. Ákveðið var að setja inn 2,5% hækkun á launalið greiðsluáætlunar fyrir 2011. Ferða- og dvalarkostnaði innanlands var breytt í 1,5 milljónir. Ferða- og dvalarkostnaður erlendis var hækkaður í 200.000 krónur. Ákveðið var að kirkjugarðar og umhirða verði að sér viðfangi. Ákveðið var að fresta samþykkt greiðsluáætlunar þar til kannað hefur verið hvort það borgi sig að kaupa bílinn sem ráðið hefur til umráða og borga upp áhvílandi lán.

### 4. Fundur með innanríkisráðherra

Þórsteinn greindi frá fundi sem nokkrir í ráðinu höfðu átt með innanríkisráðherra varðandi frumvarpið (um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu), málefni líkhúsa sem og Capacent-skýrslu. Ráðherra vill bíða með frumvarpið til haustþings. Þórsteinn telur nauðsynlegt að nýr liður um líkhús komi inn í gjaldalíkanið. Fært er til bókar

að Kirkjugarðaráð fer þess á leit við stjórn KGSÍ að það óski eftir fundi með ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis til að ræða skýrslu Capacent (sbr. síðasta fund).

**5. Kynning á leiðbeiningum um grasumhirðu kirkjugarða**

Guðmundur Rafn gerði grein fyrir leiðbeiningarbæklingi um grasumhirðu sem VSÓ ráðgjöf vann í samvinnu við hann. Var gerður góður rómur að leiðbeiningunum.

**6. Næsti fundur**

Næsti fundur verður haldinn á Biskupsstofu þann 11. apríl kl. 13:00.

**7. Önnur mál**

Fundurinn samþykkti að formaður sendi kirkjugarðsstjórnnum á Siglufirði og Borg á Mýrum bréf vegna ársreikninga (sbr. 2. dagskrárlið).

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Gunnar Bollason,  
ritari